Bæjarskrifstofur Garðabæjar

| | |
|---|---|
| Mótt.dags. | 11.06.2018 |
| Málalykill | 04.0 |
| Mál nr. | 1711191 |

MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Sölvhólsgötu 4 · 101 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068
postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Garðabær
B.t. bæjarstjóra
Garðatorgi 7
212 Garðabær

Reykjavík 6. júní 2018
Tilv.: MMR18030257/6.14.2-

Efni: Eftirfylgni með úttekt á Flataskóla

Í janúar 2018 gerðu úttektaraðilar á vegum Menntamálastofnunar úttekt á starfsemi Flataskóla í Garðabæ. Úttektin er gerð á grundvelli 38. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 658/2009 um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald. Matið er jafnframt hluti af samstarfsverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um ytra mat á grunnskólum. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum um grunnskóla, reglugerðum og aðalnámskrá. Í úttektinni er einkum lögð áhersla á þrjá þætti skólastarfsins, þ.e. stjórnun, nám og kennslu og innra mat.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur móttekið umbótaáætlun Flataskóla þar sem gerð er grein fyrir þeim umbótum sem sveitarfélagið og skólinn hafa áætlað í framhaldi af skýrslunni. Ráðuneytið þakkar fyrir upplýsingarnar. Í desember 2018 mun ráðuneytið óska eftir greinargerð um framkvæmd umbótaáætlunar fram að þeim tíma.

Fyrir hönd ráðherra

Sunna Viðarsdóttir

Björk Óttarsdóttir

Ljósrit: Skólastjóri Flataskóla, formaður skólanefndar og skólaráð

Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026